

Nd.

### **60. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög 10. nóv. 1905, um varnarþing í skuldamálum

Flutningsmenn: Björn Kristjánsson, H. Hafstein.

Vixilmál, sem rísa út af vixlum, sem samkvæmt ákvæði á vixlinum sjálfum eiga að greiðast á tilteknum stað, má höfða og sækja í þeirri þinghá, þar sem vixillinn á að greiðast, eins og þar væri varnarþing varnaraðila. Stefnu skal birta á lögheimili hans með venjulegum fresti, ef það er innan sama lögsagnarumdæmis, sem fyrirtökustaðurinn, með 4 vikna fresti, ef það er utan lögsagnarumdæmisins, en þó í sama landsfjórðungi, en með 6 vikna fresti, ef það er í öðrum landsfjórðungi.

Ákvæði þessi ná ekki til vixilmála, er rísa af vixlum, sem dagsettir eru áður en lög þessi öðlast gildi.